

Umsögn um veiðigjaldafrumvarpið

1. júní 2018

Bætt staða smærri og meðalstórra útgerða

Fyrirætlanir flutningsmanna þessa frumvarps eru að lækka álögur á smærri og meðalstórar útgerðir. Í því skyni er lagt upp með að endurskoða veiðigjöld til lækkunar, sem hefur lítið að gera með sértækar úrbætur til handa smærri og meðalstórum útgerðum. Hins vegar er í greinargerð frumvarpsins gerð grein fyrir fyrirhugaðri hækkun svokallaðs persónuafsláttar. Það er aðgerð sem raunverulega gæti bætt hag smærri og meðalstórra útgerða án þess að hygla stærri útgerðum sérstaklega mikið.

Ekki verður séð af hagtölum sem Hagstofa Íslands safnar að sjávarútvegur á Íslandi sé á heildina lítið í vandræðum og því varla tilefni til lækkunar veiðigjalda á alla.

Rekstraryfirlit sjávarútvegs 2008-2016

		2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
EBITDA (% af tekjum)	Fiskveiðar	25.0	26.3	26.6	26.0	25.0	20.0	20.4	26.1	24.2
	Sjávarútvegur alls	27.4	31.0	28.9	30.0	30.0	27.0	24.3	27.3	25.4
Hreinn hagnaður (EBT)	Fiskveiðar	-108532	10732	18617	23218	22119	27985	14873	31100	33224
	Sjávarútvegur alls	-156421	28690	33310	44930	46555	60764	36305	48306	52827
Hreinn hagnaður (% af tekjum)	Fiskveiðar	-105.2	9.1	13.6	14.6	13.5	17.8	10.4	20.1	24.2
	Sjávarútvegur alls	-90.1	14.0	15.1	17.1	17.5	22.4	15.0	18.7	24.0
Hagnaður (% af tekjum)	Fiskveiðar	16.8	17.4	16.0	17.6	15.5	10.4	9.4	15.5	12.5
	Sjávarútvegur alls	19.1	22.0	19.8	22.6	21.5	18.0	15.0	17.8	14.4

Til viðbótar er vandséð að fyrir liggja greining á stöðu smærri og meðalstórra útgerða til þess að meta raunverulega þörf þeirra fyrir lækkun opinberra gjalda. Ótækt er að einstakar atvinnugreinar geti beitt sér fyrir lækkun opinberra gjalda á grundvelli orða sinna einna.

Gjalddagasjónarmiðin

Einnig heyrast sjónarmið um að nú séu komin á gjalddaga veiðigjöld af ábatasömum fiskveiðiárum, sem reynast mörgum útgerðum þungur baggi. Ekki verður skilið að þau sjónarmið renni styrkum stoðum undir málstað þeirra sem lækka vilja veiðigjöld á heildina. Greiðslufyrirkomulag veiðigjalda hefur legið fyrir um langt skeið og því mætti helst rekja erfiðleika við greiðslu þeirra til ákvarðana stjórnenda við rekstur útgerðarfyrirtækja. Að gera ekki ráð fyrir auknum útgjöldum vegna veiðigjalda fram í tímann á ábatasömum fiskveiðiárum er óaþbyrg ákvörðun af hálfu stjórnenda, sé raunin sú að það hafi ekki verið gert verða þeir að taka afleiðingum gjörða sinna, nema sérstök byggðasjónarmið styðji annað, og Alþingi

að endurskoða innheimtufyrirkomulag veiðigjalda ef tilefni er til – sú leið að veita þeim fyrirtækjum afslátt sem ekki haga reikningum sínum í samræmi við fyrirséð gjöld er ekki fær. Einnig verður Alþingi að horfast í augu við þau vandræði sem íslensk peningastefna veldur sjávarútvegsfyrirtækjum á Íslandi. Gengissveiflur og óvissa hafa gríðarleg áhrif á helstu atvinnugreinar okkar og til framtíðar er vandséð að sá vandi leysist af sjálfu sér. Endurskoðun peningastefnu ætti því að vera stór þáttur þegar loks kemur að fyrirhugaðri endurskoðun umhverfis sjávarútvegsfyrirtækja á Íslandi sem flutningsmenn vilja ráðast í og rík þörf er á að mínu mati.

Ef raunin er sú að núverandi fyrirkomulag veiðigjalda veldur sífelldum vandræðum, eins og breytingar og umræða síðustu ára virðast gefa til kynna hlýtur Alþingi að sjá hag í því að endurskoða fyrirkomulagið til að ná fram betri sátt, fyrirsjáanleika og sanngirni í sjávarútvegi á Íslandi.

Virðingarfyllt,
Marínó Örn Ólafsson
Brautarholti 7, 105 Reykjavík